

**From:** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
**Sent:** Wed, 20 Mar 2024 15:02:39 +0000  
**To:** Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
**Subject:** Ákall eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

20. mars 2024

**Ákall eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.**

Nú hefur tekið til starfa starfshópur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem ætlað er að endurskoða frá grunni lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun). Í starfshópnum sitja Hilmar Gunnlaugsson, hrl., formaður, Björt Ólafsdóttir fyrrv. umhverfis- og auðlindaráðherra og Kolbeinn Óttarsson Proppé fyrrv. alþingismaður.

Í tengslum við að starfshópurinn hefur hafið störf hefur áformaskjal um lagasetningu verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Með bréfi þessu vill starfshópurinn stuðla að því að helstu hagaðilar séu upplýstir um áformaskjalið og jafnframt hvetja til að þeir áframsenda upplýsingarnar til þeirra sem skoðanir kunna að hafa á málinu.

Tekið er á móti sjónarmiðum, athugasemdum eða ábendingum í samráðsgáttinni til 8. apríl n.k.

Áformaskjalið og leiðbeiningar um hvernig megi setja inn umsagnir um mál má finna á neðan greindum tengli:

<https://island.is/samradsgatt/mal/3718>

F.h. starfshópsins.  
Hilmar Gunnlaugsson  
Björt Ólafsdóttir  
Kolbeinn Óttarsson Proppé